



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Dagsetning

Tilvísun

1. desember 1997

97120011

Efnahags- og viðskiptanefnd
Hafðís Ólafsdóttir
Þórshamri
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 122/368
komudagur 3.12.197

Í samræmi við það sem fram kom í framsöguræðu fjármálaráðherra vegna frumvarps til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eru lagðar til breytingar á 6. gr. frumvarpsins.

Í tillögunni felst að ríkisskattstjóri hafi eftirlit með að skyldutryggingu sé sinnt og lífeyrissjóðir og launagreiðendur sendi honum upplýsingar um iðgjaldaskil. Einnig að lífeyrissjóðirnir sjái sjálfir um innheimtuna en í þeim tilvikum þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um aðild verði Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda falið að innheimta iðgjaldið. Í þessu felst sú breyting að horfið verði frá því að fela ríkisskattstjóra að leggja á menn iðgjald. Jafnframt eru lagðar til breytingar á 3. gr. frumvarpsins um iðgjaldsstofn. Þeirri breytingu er ætlað að auðvelda eftirlitið með því að skilgreina stofninn þannig að hann falli sem best að upplýsingum á framtölum og launamiðum. Jafnframt felst sú efnibreyting í tillögunni að ekki verður tekið iðgjald af hlunnindum enda ekki almennt gert í dag.

Ráðuneytið óskar eftir að efnahags- og viðskiptanefnd leiti áhlits samtaka lífeyrissjóða og aðila vinnumarkaðarins á framangreindum breytingum.

F.h.r.

Hjál: Tillaga.

3. gr.

Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skv. 2. gr. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir starfs sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu svo sem fatnað, fæði og húsnæði eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði svo sem ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga. Ennfremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun og lífeyri, sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir, bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, slysa- og sjúkradagpeningar úr sjúkrasjóðum stéttarfélaganna og bætur tryggingafélanna vegna atvinnutjóns af völdum slysa. Þá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar. Iðgjaldstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 59. gr. þeirra laga.

Lífeyrisiðgjaldi skal ráðstafa til lágmarks tryggingaverndar, sbr. 4. gr., og eftir atvikum til viðbótar tryggingaverndar, sbr. 8. - 10. gr.

6. gr.

Ríkisskattstjóri skal hafa með höndum eftirlit með því að lífeyrisiðgjald sé greitt vegna hvers manns, sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til.

Lífeyrissjóðum er skylt að tekjuári liðnu að gera ríkisskattstjóra grein fyrir því iðgjaldi sem greitt hefur verið til sjóðsins fyrir hvern sjóðfélag á því ári.

Launagreiðendur og þeir sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi svo og aðrir þeir sem inna af hendi iðgjaldaskyldar greiðslur skulu að tekjuári liðnu tilgreina á launamiðum eða á annan hátt er ríkisskattstjóri ákveður þá fjárhæð sem iðgjöld hvers manns miðuðust við ásamt heildariðgjaldi, sem skilað hefur verið til lífeyrissjóðs.

Hver sá, sem er skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði skv. lögum þessum og er framtalsskyldur skv. 91. gr. laga nr. 75/1981, skal á framtali sínu tilgreina þau iðgjöld til lífeyrissjóða, sem hann hefur greitt á árinu og þá lífeyrissjóði, sem hann hefur greitt til.

Að tekjuári liðnu skal ríkisskattstjóri senda hverjum og einum lífeyrissjóði yfirlit vegna hvers manns, sem er aðili að sjóðnum skv. þeim upplýsingum, sem embættið hefur fengið samkvæmt þessari grein. Á yfirlitinu skal koma fram iðgjaldsstofn og greitt iðgjald hver manns og móttframlag launagreiðanda. Sé enginn lífeyrissjóður tilgreindur á framtölum eða skilagreinum launagreiðanda og lífeyrissjóða skal senda yfirlitið til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda sem skal þá innheimta iðgjaldið.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd þessarar greinar.